

NÓVENBERFUNDUR

Næsti félagsfundur verður laugardaginn 25. nóvember. Þá er ráðgert að sýna vinnu við rennibekkinn. Þar sem allmargir nýir félagsmenn hafa bæst í hópinn þótti rétt að dusta rykið af rennibekknum fyrir næsta fund. Menn eru því hvattir til að mæta og taka með sér hluti og sýna félögunum.



Hlynur, sveppaður viður (spalted) Hæð 30 cm.
Renndur af Trausta B. Óskarssyni



FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

Fréttabréf

4. tbl. 6. árg. nóv. 2000



FÉLAGSSTARFIÐ

Guðmundur Magnússon rennir hlið á fjórum súlum samtímis. Sjá nánar á næstu síðu.



Úlli!

Áttu annað málband

AÐ FRAMKVÆMA HLUTINA

Úlfar Sveinbjörnsson lætur ekki standa við orðin tóm. Nýverið smíðaði hann lofthreinsitæki fyrir rennibekkin og aðrar vélar. Hann notar hugmynd og teikningar frá Jóni Guðmundssyni sem gerði þessum tækjum góð skil í fréttabréfinu fyrir nokkru. Úlfar notaði hinsvegar mótur úr gamalli Nilfisk ryksugu í stað tromluviftu (líka þeim sem eru í eldhúsviftum) eins og Jón mælir með. Að sögn Úlfars virkar hreinsibúnaðurinn vel og finnur hann ekki fyrir ryki lengur þegar rennt er. Bandsögin er einnig tengd sugunni og að sjálfsögðu fleiri vélar ef þurfa þykir og er þá loki á rörum milli véla. Þess má geta að skipt verður yfir á tromluviftu við fyrsta tækifæri.



Úlfar renndi nýlega platta undir bjöllu Þingforseta Alþingis svo og hamar. Þá renndi hann 63 kúlur sem þingmenn nota til að draga sætisnúmer við upphaf þings að hausti og við nafnakall. Gamli hamarinn var farinn að láta á sjá m.a. kvarnast upp úr hausnum. Eldri plattinn undir bjöllinni var gerður 1911. Sá nýi er nokkru hærri og sést nú upp fyrir borðbríkina. Merkið ávallt hluti ykkar fyrir þá sem síðar kunna að hafa áhuga fyrir uppruna þeirra.

ÚR FÉLAGSSTARFINU

Myndirnar hér að neðan svo og framsíða sýna mót/mát sem Guðmundur Magnússon hafði útbúið til að renna hlið á fjórum súlum samtímis. Mátið er útbúið í límtré. Rauf fræst í hverja hlið fyrir þann sverleika af súlu sem renna á. Síðan er mátið rennt með þeirri lögum sem á að vera á súlunni. Límtrésmátið er þá mát fyrir rennslið. Efníð í súluna fellur í raufina og halda skrúfur efninu. (sjá mynd). Efninu er síðan snúið við í raufinni þrisvar sinnum og eftir rennslið er komin súla sem er ferningar með lítið eitt kúptri hlið. Útkoman kom þeim sem á horfðu þægilega á óvart. Með þesari aðferð má á einfaldan hátt flýta mjög fyrir t.d. fjöldaframleiðslu. Það að



súlan er ekki hringlaga bíður upp á fleiri útfærslur á rennsli fyrir t.d. stól og borðlappir og fl.



FERÐAHÓPURINN Í LÍMTRÉSVERKSMÍÐJUNNI AÐ FLÚÐUM



Heiðurshjónin í Steinhlið, Guðmundur og Anna Björk

JÓLAKERTASTJAKINN



Á miðopnu er teikning af kertastjaka í hlutfallinu 1:1. Myndin hér til hægri sýnir gripinn fullsmíðaðann. Um er að ræða þriggja arma stjaka og miðsúlu. Skálin á miðsúlu er nokkru stærri en hinar þrjár. Plattinn undir miðsúlu er um 15 cm í þvermál. Hér er um að ræða hugmynd að jólagjöf. Sérstaklega þarf þó að athuga að óbrennanleg skál sé undir kertunum. Góða skemmtun.




JÓLAÁVEXTIR




EPLI



SÍTRÓNA



VÍNBER



STILKUR



Við ofangreinda ávexti má síðan bæta við banana og fleiri ávöxtum. Gaman væri að fá mynd af ávaxtaskál frá félagsmönnum fyrir fréttabréfið

OKTÓBERFUNDURINN



Á októberfundinn kom Páll Kristjánsson og sýndi okkur veiðihnifa, enn hann hefur haft þá iðju um árabíl að smíða skefki á hnifa og slíður á þá. En sem kunnugt er safna allmargir veiðihnífum og eru kaupendur helst erlendir ferðamenn. Páll sagði okkur frá helstu atriðum varðandi hnífagerð. Hingað hefur komið eldismiður frá Danmörku nokkrum sinnum og haldið námskeið þar sem m.a. voru smíðuð hnifablöð. Blöðin sem Páll notar eru þó aðallega flutt inn frá Danmörku og Finnlandi. Sköftin eru hinsvegar smíðuð úr ýmsum efnum svo sem viði, beini, horni og tönnum. Ýmist eitt sér eða blandað saman. Um er að ræða mikla handavinnu til að koma öllu heim og saman. Slíðrið er oftast úr leðri. Og þá mótað blautt utan um form og síðan saumað saman. Munstur er einnig gert í leðrið blautt. Páll bíður upp á námskeið við þessa iðju.



JÓLASÝNING HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2000

Félaginu barst bréf frá Handverk og Hönnun þar sem félagsmönnum er boðið þátttaka í sölusýningu sem haldin verður að Aðalstræti 12. Sýningin stendur yfir frá 30. nóv. til 19. des. Sækja þarf um þátttöku fyrir 13. nóv. Þátttakendur þurfa að hljóta náð fyrir augum sýningarstjórnar og munu því ekki allir komast að. Þátttökugjald er kr. 5000. Eins og fram kom í síðasta fréttabréfi, berast slíkar tilkynningar eða fyrirspurnir til félagsins. Útgáfutími fréttabréfsins ræður þá hvort efnið kemst til félagsmanna í tæka tíð. Hinsvegar er hringt í þá sem eru á sýningarlista eins og kom fram í síðasta fréttabréfi.

SEPTEMBERFUNDURINN

Í stað hefðbundins fundar í Skipholtinu, heimsóttum við Guðmund Magnússon og konu hans að Steinahlíð, Flúðum. Óþarft er að kynna þau heiðurs hjón fyrir félagsmönnum, en þau hafa áður boðið okkur inn á sitt heimili.

Heimsóknin hófst með kaffisamsæti og meðlæti sem veitt var af mikilli rausn eins og þeir þekkja sem heimsótt hafa þau hjón. Þá skoðuðum við ýmsa muni sem Guðmundur hefur gert og litum í myndaalbúm sem hafði að geyma myndir frá ferðalögum og námskeiðum heima og erlendis. Síðan var haldið á verkstæði Guðmundar þar sem hann hafði lofað að renna fyrir okkur fering og var því nokkur eftirvænting í hópnum um þennan leyndardóm hans.

Á framhlið fréttabréfs og á næstu síðu má sjá Guðmund við rennibekkin og sýna myndirnar betur en löng útskýring hvernig hann lék þessa kúnt.

FÉLAGSGJALDIÐ

Þeir fáu félagsmenn sem enn þá eiga ógreitt félagsgjaldið, eru vinsamlegast beðnir að greiða sem fyrst. Leggja má inn á eftirfarandi reikning. Banki 1111 26 558. Kennitalan er 540395 2179. Kveðja frá gjaldkera



GLEÐILEG JÓL

Stjórnarmenn óska félagsmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsælds nýs árs.

Til sölu

RECORD nr 3 rennibekkur er til sölu.

Upplýsingar gefur Valgeir í síma 451 4025

Fréttabréf Félags trérennismiða á Íslandi.

Ábm. Trausti B. Óskarsson og Reynir Sveinsson Faxatúni 36, 210 Garðabæ. Sími 565 8588. Endurprentun leyfð sé heimildar getið. Uppsetning TBÓ/RS.

ERLENDUR LEIÐBEINANDI

Umræðan um að fá til okkar erlendan leiðbeinanda kemur all oft upp á stjórnarfundum. Á vegum félagsins hafa komið þrjár erlendir leiðbeinendur, þeir Ó'Donnell frá Skotlandi, Miltisen frá Danmörk og Chris Stott frá Englandi.

Það dró nokkuð kjarkinn úr stjórninni að erfitt var að fullskipa námskeiðið hjá Chris Stott. Kosnaðurinn við slíka heimsókn er sennilega milli 300 –400 þúsund. Hafa þeir þó ekki tekið fullt verð miðað við kostnað heima fyrir.

Ljóst er að til að ná framþróun þurfum við að halda vöku okkar í fræðslumálunum. Margir eru áskrifendur að erlendum fagtímaritum. Hugmynd hefur komið upp að fá hingað mann til að halda sýnikennslu og sjá hvort meiri áhugi er fyrir því fyrirkomulagi. Kosnaðurinn yrði þá væntanlega lægri. Hér með er kannaður áhugi félagsmanna fyrir þessari hugmynd og þeir sem vilja taka þátt í slíkum fundi eru vinsamlega beðnir að hafa samband við Úlfar í síma 863 3625

ONEWAY & STRONGHOLD PATRÓNUR



Kanadískar gæðapatrónur fyrir flestar gerðir trérennibekkja.

Skrúfaður aukakónn/botn til að færa á milli rennibekkja .

Margar stærðir af aukafestingum (kjöftum/örpum).

Diskar í tveim stærðum. Einnig 1/2" og 1" drifoddar

Fléstar aðrar vörur til trérennismiða!



TRÉ - LIST

TRÉ-LIST

Engjateigi 17, 105 Reykjavík.

Sími / fax 553 1580



Trausti !
Settu í afturáabak.
Ég skal setja í samband.

FRÆÐSLUEFNIÐ

Munið myndböndin hjá Sigurjóni. Síminn hjá honum er 553 2367 og 869 6719



Klukkusmiðir

Klukkuverk, skífur, vísar, mikið úrval. Komið við og skoðið úrvalið. Sendum um land allt.


Hjá Gylfa

HEGNER

Hegner rennibekkir frá Þýskalandi nýkomnir. Ýmsir fylgihlutir fáanlegir. Þýsk gæðavara. Allt til rennismíða á sama stað.






**Hjá Gylfa
Hólshrauni 7, Hafnarfirði
Sími 555 1212**

FLAUTAUR



Gjöf fyrir börnin um næstu jól.

Best er að nota þetta tegund af timbri fyrir góðan árangur. Dæmi: stærð ca 25 mm á þvermál og minnst 40 mm að lengd. Borað er í annan endann með 9 mm bor ca 35 mm inn í viðinn. Utanmál flautunnar er síðan rennt (sjá munnstykki á teikningu A). Sagið rauf í flautuna (sjá mynd B og C). Rennið tappa ca 35 mm langan (sjá mynd D). Slípið hlið tappans fyrir loftrás (sjá mynd D). Setjið tappan í. Stillið flautuna með því að staðsetja tappann mislangt inn í gatið. Þegar rétti tónninn er fundinn er tappinn límdur, endinn sagaður af og slípaður. Mynd E er önnur hugmynd af munnstykki. Góða skemmtun Hugmyndin kemur af netinu frá Keith Taylor



JÓLAKERTASTJAKINN 2000

Hér kemur uppdráttur af kertastjaka sem er tilvalin jólagjöf. Ekki ráð nema í tíma sé tekið. Undirstaðan er ekki á teikningunni, en hún er 15 cm í þvermál og þykkt ca 7 cm sjá ljósmynd

